

**Hanna Dóra Sturludóttir** began her vocal studies in Reykjavík and continued at the Hochschule der Künste in Berlin, where she received her diploma with distinction in 1998. For the following 3 years she was a member of the Neustrelitz Opera Company in Germany, where she sang roles such as *Cio Cio San* (Madam Butterfly) and *Marie* (Wozzeck) to great critical acclaim.

A regular guest at the Komische Opera Berlin, Hanna Dóra has worked with the renowned director Harry Kupfer in various productions. She appears frequently in opera roles and her concert tours have taken her around Europe as far afield as Egypt and Qatar. She has also appeared with the Iceland Symphony Orchestra and the Icelandic Opera. In recent years she has focussed on contemporary musical theatre. In October 2010 she sang *Miss Donnithorne's Maggot* at the Staatsoper in Berlin and received excellent reviews.

**Freyja Gunnlaugsdóttir** studied the clarinet at the Reykjavík College of Music and later at the Hochschule für Musik-Hanns Eisler in Berlin, with Prof. Karl-Heinz Steffens. She graduated with a Konzertexamen Diploma and also attended master classes, with Karl Leister, Walter Boeykens and Simon Rattle. She has given recitals in Germany, France, Britain, Scandinavia, Poland, Korea, Japan and the USA. She has performed with orchestras such as Staatsorchester Frankfurt, Berliner Symphoniker, as well as in the Icelandic Opera and the Teatro de la Ópera in

Madrid. She has premiered several contemporary pieces and worked with performing and visual artists such as Bruce Neuman, Pipilotti Rist and Alexander Polzin.

In addition, Freyja has recorded for the Italian label *Stradivarius* and is the founder of the music label *Tjara* which has released two CDs with *Trio Blik*. In 2010 she was elected *Artist of the Year* of her home town, Seltjarnarnes. She lives and works in Berlin.

Born in Žilina, Slovakia, **Daniela Hlinková** studied the piano from a young age with Sergei Maltzev, D. Varinska and her father, Jirí Hlinka. In 1993 she went to Germany to study with Prof. Pavel Gililov at the Academy of Music in Cologne and received her Bachelor Degree in 1998 and the Master Degree in 2001.

In 2006, she made her debut with the Konzerthaus Orchester Berlin, conducted by Michael Gielen. Since then she has performed in such distinguished concert halls as the Gasteig Munich, St. Petersburg Philharmonic Orchestra Hall, as well as the Philharmonic Concert Hall in Berlin. She has also played at various festivals such as the Schleswig-Holstein Musik Festival, the Kassel Music Festival and the Chorin Summer Festival. A prize winner in numerous competitions, in 2010 she played Beethoven's 5th Piano Concerto with the Young Euro Classic Orchestra conducted by Heinrich Schiff, in the countries of the former Yugoslavia.

Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana  
The Museum café is open after the concert

## Tríó Blik

*Hanna Dóra Sturludóttir söngur  
Freyja Gunnlaugsdóttir klarinetta  
Daniela Hlinkova píanó*

*Eyjalögín*



Sumartónleikar Listasafns Sigurjóns Ólafssonar  
þriðjudaginn 2 ágúst 2011 kl. 20:30

**Hanna Dóra Sturludóttir** stundaði söngnám hjá Kristni Sigmundssyni og Snæbjörgu Snæbjarnardóttur við Söngskólann í Reykjavík og framhaldsnám við Listaháskólann í Berlín, þaðan sem hún útskrifaðist með láði 1998. Næstu þrjú ár var hún fastráðin við óperuhúsið í Neustrelitz og söng mörg helstu sópranhlutverk óperubókmenntanna. Árið 1995 bar hún sigur úr býtum í ljóðasöngkeppni *Paula Lindberg-Salomon* í Berlín.

Hanna Dóra hefur komið fram sem gestasöngvari í óperum víðs vegar um Þýskaland, meðal annars í Komische Oper í Berlín og Ríkisóperunum í Hamborg og Berlín og á tónleikum víða um lönd, meðal annars Qatar og Egyptalandi. Hér lendis hefur hún haldið fjölda ljóðatónleika, oft sungið með Sinfóniuhljómsveit Íslands og sungið hlutverk í íslensku Óperunni. Síðastliðið haustið söng hún *Miss Donnithornes Maggot* eftir Peter Maxwell Davies í Ríkisóperunni í Berlín og fékk feikilega góða umfjöllun gagnýnenda.

Næstu verkefni Hönnu Dóru verða frumflutningur á óperu um Robert Schumann við Óperuna í Bonn og á vormánuðum 2012 syngur hún við Bayerische Staatsoper í München.

**Freyja Gunnlaugsdóttir** stundaði klarinettunám við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Kjartani Óskarssyni og útskrifaðist þaðan vorið 1999. Þá hóf hún nám við Hochschule für Musik - Hanns Eisler í Berlín og lauk þaðan Magistersprófi í klarinettuleik vorið 2005 með hæstu einkunn, og síðar Konzertexamen úr einleikardeild. Kennari hennar var Karl-Heinz Steffens professor.

Freyja hefur leikið við ýmsar hljómsveitir og kammerhópa t.d Berliner Symphoniker, Staatsorchester Frank-

furt, Komische Oper Berlin, og Teatro de la Ópera í Madrid. Hún hefur komið fram sem einleikari með hljómsveitum á borð við Pólsku kammersveitina, Berliner Symphoniker og Preußische Kammerorchester.

Freyja hefur frumflutt fjölda einleikerverka fyrir klarinettu og hljóðritað fyrir ítaliska útgáfufyrirtækið Stradivarius. Árið 2010 stofnaði hún útgáfufyrirtækið *Tjara* sem á síðasta ári gaf út two geisladiska með leik *Trió Blíks*, *Kviðu* og *Hugsáðu um búskapinn, hættu að daðra*. Sá síðari er með þeiri efnisskrá sem hér er leikin. Freyja var kjörin bæjarlistamaður Seltjarnarness árið 2010.

**Daniela Hlinková** píanóleikari fæddist í slóvensku borginni Žilina. Fyrstu tónlistarkennrar hennar voru S. Maltzev, D. Varinska og faðir hennar, Jirí Hlinka.

Árið 1993 hóf hún nám við tónlistarháskólann í Köln hjá Pavel Gililov prfessor og þaðan lauk hún *Konzertexamen*. Árið 2006 þreytti hún frumraun sína sem einleikari með Konzerthaus Orchester í Berlín undir stjórn Michael Gielen. Hún hefur einnig leikið í sölum á borð við Gasteig München og í Fílharmóniunni í Berlín.

Daniela hefur komið fram á virtum tónlistarhátiðum, Schleswig-Holstein hátfiðinni, Kassler-Musiktage, Choriner Musiksommer og víðar, og hefur unnið til verðlauna, t.d. í Alpjóðlegu Brahms keppninni í Klagenfurt 1993, Ibla Grand Prize á Sikiley 2002 (Leoš Janácek verðlaunin) og fyrstu verðlaun í Riviera del Conero í Ancona 2003 með fióleikaranum Birte Pavlov.

Sumarið 2010 tók hún þátt í friðarverkefni í þeim löndum er fyrrum mynduðu Júgoslavíu og lék þar píanókonsert nr. 5 eftir Beethoven undir stjórn Heinrich Schiff.

## Eyjalögin

*Songs from the Westman Islands*

### Grásleppuvalsinn

lag og texti: Ási í Bæ

### Ég vildi geta sungið þér

lag: Oddgeir  
texti: Ási í Bæ

### Sólbrúnir vangar

lag: Oddgeir  
texti: Ási í Bæ

### Herjólfssdalur

lag og texti: Ási í Bæ

### Maja litla

lag og texti: Ási í Bæ

### Ó, komdu kær - tangó

lag og texti: Ási í Bæ

### Ég veit þú kemur

lag: Oddgeir  
texti: Ási í Bæ

### Ungi vinur

lag: Oddgeir  
texti: Ási í Bæ

### Heima

lag: Oddgeir  
texti: Ási í Bæ

### Trillumenn

lag og texti: Ási í Bæ

### Kyssti mig sól

lag: Ási í Bæ  
texti: Guðmundur Böðvarsson

### Síldarstúlkurnar

lag: Oddgeir  
texti: Ási í Bæ

### Fréttaauki

lag: Arnþór Helgason  
texti: Ási í Bæ

### Góða nótt

lag: Oddgeir  
texti: Ási í Bæ og Árni úr Eyjum

### Anna Marí

lag og texti: Ási í Bæ

### Vertu sael mey

lag: Ási í Bæ  
texti: Ási í Bæ og Loftur Guðmundsson

## Eyjalögin

Ási í Bæ (Ástgeir Ólafsson 1914–1985) og Oddgeir Kristjánsson (1911–1966) voru báðir fæddir og ólu mest-allan sinn aldur í Vestmannaeyjum, Oddgeir alla sína tíð og Ási fram yfir miðjan aldur. Þeir voru ungir í hópi róttækra manna og kvenna sem tóku mjög virkan þátt í stjórnálum, verkalýðsbaráttu og menningarlífí í Vestmannaeyjum á fjórða og fimmtra áratug 20. aldar og jafnvel lengur.

Vestmannaeyjar voru eitt af þeim sjávarplássum sem urðu til nánast frá rótum í upphafi aldarinnar við vél-væðingu sjávarútvegsins, hina íslensku iðnbytingu. Þar var eina höfnin meðfram endilangri suðurströnd Íslands við ein gjöfulustu fiskimið heimsins á þeim tíma. T.d. fjölgæði íbúum Eyjanna úr rúnum 500 árið 1900 í nærrí 4000 árið 1930. Þarna varð til nýtt samfélag með nýjum atvinnuháttum, nýjum sambýlisháttum og nýrri sýn á tilveruna, laust undan viðjum hins staðnaða og þróngsýna sveitasamfélags og menningu þess.

Við upphaf kreppunnar miklu barðist það unga og róttæka fólk sem ólst upp í þessum breytingum, ekki að-eins fyrir réttlátu samfélagi, heldur

einnig því að losna undan oki sveitamenningarinnar og búa til sína eigin menningu, menningu þess fólks sem bjó í hinu nýja þéttbýli við sjávarsíðuna og lifði af sjávarútvegi. Sem dæmi má nefna að verkalýðsfélögin í Eyjum stóðu fyrir kabarettsýningum og kvöldskemmtunum af margvíslegu tagi á kreppuárnum og fram á stríðsárin. Oddgeir, Ási og félagar þeirra voru potturinn og pannan í þessum skemmtunum.

Ekki má heldur gleyma þjóðhátið Vestmannaeyja sem frá því seint á 19. öld var allsherjarskemmtun þar sem bæjarbúar flytja í Dalverpi vestast á Heimaey og skemmta sér í two til þrjá daga. Lengi fram eftir 20. öldinni voru öll skemmtiatriði heimatilbúin og hljómsveitirnar sem spiliðu fram undir morgun fyrir dansi skipaðar fólk í úr plássinu.

Elstu lög Oddgeirs eru frá því snemma á kreppuárnum og þá verður til sú hefð að hann semur lag fyrir hverja þjóðhátið, nokkuð sem hann gerði meðan hann lifði. Aðrir tóku þá við og enn er þessi hefð bráðlifandi. Textarnir við elstu lögini eru margir eftir Árna úr Eyjum (Guðmundsson 1911–1961) en frá þeim tíma eru einnig nokkrir

textar eftir Ása. Seinna verða flestir textar við lög Oddgeirs eftir hann.

Ási í Bæ samdi einnig þó nokkur lög um sína ævi. Það elsta sem vitað er um var samið 1931 þegar hann var 17 ára. Er það tangó við hugljúfan texta sem einnig er eftir hann. Ási gerði einnig lög við ljóð annarra skálda svo sem Guðmundar Böðvarssonar og Þorsteins Erlingssonar. Annars eru textarnir sem hann sjálfur orti mun fleiri og bekktari.

Lög og textar þeirra félaga eru verulega frábrugðin þeirri sönghefð alþýðu sem ríkti á Íslandi í lok 19. aldar og langt fram eftir 20. öld. Hún einkenntist af rómantískum ættjarðar- og sveitasöngvum undir þýsk-dönskum áhrifum. Á hinn böginn sækja lög Vestmannaeyinganna fyrirmyn dir í danstónlist samtímans. Mörg fyrstu lög Oddgeirs eru tangóar, en merkileg saga er til af komu tangósins til Skandinavíu. Auk þess má nefna valsa í ætt við sjómannavalsinn sem einnig verður vinsælt form um öll Norðurlönd á fyrstu áratugum aldarinnar. Textarnir eru að sjálfsgöðu margir ástarljóð, en oft með vinalegum húmor sem bjargar þeim frá óhóflegrí væmni. Athyglisvert er að myndmál textanna og sviðsetning þeirra eru mjög oft tengd hafinu og sjávarsíðunni; klettar, ströndin, aldan, brimið og sólin við hafflötinn.

Lög og textar þeirra félaganna úr Vestmannaeyjum urðu snemma landsfræg, bárust um landið með sjómönnum og farandverkafólk sem var á vertíðum í Eyjum. Mörg þessara laga eru enn í dag lifandi partur af hversdagsmenningunni og sungin af alþýðu manna við hverja söng-skemmtun. Þau eru fyrir löngu orðin almenningseign í þeim skilningi að lífa sjálfstæðu lífi laus við höfunda, stað og tíma.

Fjölmargir listamenn af fjölbreytilegu tagi hafa spreytt sig á flutningi þessara laga, allt frá einföldu rauli yfir í popp, rokk og djass, klassískar útsetningar og kórsöng. Nýjar útsetningar Atla Heimis Sveinssonar fyrir söng-rödd, klarínett og píanó sýna fram á enn nýja hlið verkanna og hvernig þau geta mætt hverjum nýjum tíma með sínum hætti.

Lögini sem upphaflega eru samin til skemmtunar alþýðu við erfiðar að-stæður og til styrkingar vitundarinnar um eigin tilveru í nýju samfélagi hafa fyrir löngu lyft sér upp yfir stað og stund og öðlast sjálfstæða tilveru listaverka sem eru til ánægju og yndis á hverjum tíma þó samfélag og að-stæður breytist. Þau eru mjög gott dæmi um eina hlið íslenskrar menningar á 20. öldinni.